

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Ísafirði um kaup á jörðinni Selja-landi í Eyrarhreppi handa kaupstaðnum. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef 25. apr. yðar, herra bæjarfógeti, dagsett 17. febr. þ. á., vil jeg hjer með samkvæmt beiðni bæjarstjórnarinnar á Ísafirði og tillögum yðar samþykkja, að kaupstaðurinn kaupi jörðina Seljaland í Eyrarhreppi fyrir verð það, er þjer tilgreinið, 5000 kr.

Sömuleiðis vil jeg samþykkja, að kaupstaðurinn taki lán upp á bæjar-sjóðinn í þessu skyni, að upphæð 5000 kr., en sökum þess að svo miklar lán-veitur og önnur útgjöld eru heimiluð í núgildandi fjárlögum, að eigi er víst að landssjóðurinn geti haft fje aflögu til útláns, getur láninu ekki orðið heitið úr jarðabókarsjóði.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um hlunnindi handa sparisjóði. (Ágrip). — Með brjefi þessu voru sparisjóði Húsavíkur 6. maí veitt hlunnindi þau, er ræðir um í tilsk. 5. janúar 1874, um 5 ár frá 15. marz þ. á. að telja, með venjulegum skilyrðum.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um kaup á kirkjujörðinni Stekkjanesi handa Ísafjarðarkaupstað. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 24. f. m. tjáð 8. maí mjer, að Hans Hátign konunginum hafi 23. s. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst leyfi til þess, að hjáleigan Stekkjaness (Stakkanes), tilheyrandi Eyrarkirkju eða Eyrarprestakalli í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, verði seld Ísafjarðarkaupstað gegn 200 króna árlegu gjaldi til prestakallsins, þannig að hjáleiguna með tilliti til allra skatta og afgjalda framvegis verði að skoða sem bændaeign.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tilkynnt yður, herra amtmáður, og yður, herra biskup, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um tollgreiðslu. — Þjer hafið, herra amtmáður, með þóknanlegu brjefi yðar, dagsettu 9. maí 27. f. m., sent mjer erindi frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, þar sem hann óskar úrskurðar míns um það, hvort honum beri að innheimta toll af tollskyldum vörum, sem strandferðaskipið Vesta hafi átt að flytja til viðkomustaða sinna í norðuramtinu og vesturamtinu á leið frá Akureyri í marz þ. á. en vegna bilunar á stýri skipsins hafi verið lagðar upp um stundarsakir á Akureyri, þangað til gufuskipið Egill, sem haldi áfram ferð »Vesta«, hafi tekið vörurnar til þess að koma þeim þangað, er þær áttu að fara.

Út af þessu er yður hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar fyrir sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, að jeg er yður samdóma um, að honum hafi eigi borið að heimta toll af hinum umræddu vörum, með því að það liggur í augum uppi, að 16. grein strandlaganna 14. jan. 1876 getur eigi komið